

Mál nr. 5/2010
Afturelding
gegn
Keflavík

Kæra Aftureldingar

Dómkröfur:

Afturelding gerir kröfu um að leikur gegn Keflavík, í eldri flokki 30+ sem fram fór á Varmárvelli þann 19.09.2010, kl.20:00 verði dæmdur Aftureldingu 3-0 sigur.

Málavextir:

Einum leikmanni Keflavíkur var vísað af velli á 45. mínútu leiksins og fullyrtu leikmenn Keflavíkur í framhaldinu að þeir mættu setja annan leikmann inn á í stað hans eftir 2 mínútur, sem og þeir gerðu þrátt fyrir að dómari leiksins sagðist ekki hafa heyrt um þetta ákvæði.

Tilvísun:

Í gr. 3.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum stendur „Í eldri aldursflokkum er óheimilt að skipta öðrum leikmanni inn á í stað leikmanns sem vikið hefur verið af velli.“

Röksemdir:

Samkvæmt grein 3.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum er óheimilt í eldri flokkum að senda leikmann inn á völlinn í stað leikmanns sem hefur fengið brottvísun. Þessi regla var brotin í umræddum leik og hafði þ.a.l. veruleg áhrif á framgöngu og útkomu leiksins.

Sönnunargögn:

Leikskýrsla

Vitni

Nafn: Valur Steingrímsson (dómari leiksins)

Nafn: Þorvaldur Ásgeirsson

Nafn: Jón Þór Eyjólfsson

Undirskrift:

Bjarki Már Sverrisson

Greinargerð Keflavíkur

Málsatvik:

Á 45. mínútu leiksins og í stöðunni 3-4 var leikmanni Keflavík (markverði), Margeir Vilhjálmssyni vikið af leikvelli. Leikmaðurinn yfirgaf völlinn og kom ekki við sögu aftur í leiknum. Jakob Jónharðsson sem þá var inná vellinum fór í markið í stað Margeirs og enginn maður kom inná í stað Margeirs sem yfirgaf völlinn.

Kæra:

Afturelding kærir lið Keflavíkur fyrir að hafa sett annan leikmann inná í stað Margeirs eftir 2 mínútur, samkvæmt túlkunum leikmanna Keflavíkur á reglum í eldri flokki.

Málsvörn:

Umræður spunnust upp strax eftir brottreksturinn hvort annar leikmaður mætti taka stöðu hins brottrekna leikmanns á vellinum. Leikmenn Aftureldingar héldu því fram að annar leikmaður mætti koma í stað hins brottrekna eftir 2 mínútur.

Dómari leiksins var ekki viss um hverjar reglurnar væru. Leikmenn Keflavíkur voru sjálfir ekki vissir og héldu því áfram leik án þetta að Margeir Vilhjálmsson kæmi aftur inn á völlinn og Jakob Jónharðsson lét í markinu út leiktímann.

Keflavík sendi ekki aukaleikmann inn á völlinn tveimur mínútum eftir brottvíkingu Margeirs. Það hefði verið hlutverk dómarans að vísa 7. leikmanni Keflavíkur umsvifalaust af velli hefði hann yfirhöfuð verið inn á vellinum.

Þess má geta að hinn brottrekni leikmaður, Margeir Vilhjálmsson, lék ekki næsta leik gegn Breiðablik, vegna þess skilnings Keflavíkur að hann fengi umsvifalaust 1 leiks bann fyrir rautt spjald.

Leikskýrslan:

Það er athyglisvert að skýrsla leiksins, sem Afturelding notar sem sönnuargagn, er fyllt út á anna hátt en afritið sem við höfum af skýrslunni! Á afriti okkar sem við fengum afhent eftir leik, er dómari ekki búinn að fylla út á skýrsluna, þar vantar úrslit leiksins, brottvísunina og auk þess hefur dómari ekki ritað nafn sitt undir skýrsluna. Það er því klárt mál að Afturelding hefur átt við skýrsluna eftir að þeim var ljóst að þeir myndu kæra leikinn.

Afrit af okkar leikskýrslu fylgir með sem viðhengi.

Keflavík fer því fram á að úrslit leiksins standi óbreytt.

Virðingarfyllt,
Gunnar Magnús Jónsson
f.h. eldri flokks Keflavíkur

Aftureldingur var gefið tækifæri á að senda greinargerð

Leikmaður Keflavíkur sem vísað var af velli á 45. mínútu heitir Margeir Vilhjálmsson, kt. 020272-3099. Eins og segir í kærinni þá léku Keflavíkingar leikmanni færri í einhverjar tvær mínútur eftir brottvikninguna en bættu svo sjöunda leikmanninum inn á völlinn að þeim tíma loknum. Ekki er mögulegt fyrir kæranda að greina frá hvaða leikmaður kom inn á völlinn á þessum tímapunkti enda innáskiptingar frjálsar og krefjast ekki samþykki dómara.

Kveðja / Best regards,

Steingrímur Benediktsson

Vitnaleiðsla
Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2010, föstudaginn 1. október, er haldið dómþing í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af Halldóri Frímanssyni dómara.

Fyrir er tekið mál nr. 5/2010:
Afturelding
gegn
Keflavík

Skjöl málsins liggja frammi.

Nr. 1. Kæra, móttakin á skrifstofu KSÍ 22. september 2010, ásamt fylgiskjölum.

Nr. 2. Greinargerð kærða, dags. 23. september 2010.

Nr. 3. Skýrsla dómara til aga- og úrskurðarnefndar, dags. 23. september 2010.

Nr. 4. Tölvupóstur frá kæranda, dags 27. september 2010, sendur í framhaldi af beiðni dómara um frekari skýringar á brotinu sem kært er út af.

Mættir:

Af hálfu kæranda: Jóhannes Ægir Kristjánsson kt.210276-3789.

Vitni:Jón Þór Eyjólfsson kt: 090371-2909.

Af hálfu kærða: Margeir Vilhjálmsson, kt. 020272*-3099 fyrir Keflavík sem fyrirvarsmaður. Dómari gerði við það athugasemdir á grundvelli aðkomu Margeirs að málinu eins og fram kemur í atvikalýsingu í kæru og vitnaleiðslna og fór fram á að annar aðili mætti sem fyrirvarsmaður fyrir Keflavík. Ákveðið að fresta málinu til fyrirtöku til mánudagsins 4. október 2010 kl.12:00. KSÍ falið að annast boðun, ásamt því að benda aðilum á að þeim beri að boða vitni sem þeir ætla að leiða. Jafnframt óskar dómari eftir því að dómari leiksins verði boðaður til skýrslutöku á sama tíma. Fleira ekki gert og dómþingi frestað.

Dómþing er fram haldið kl. 12, mánudaginn 4.október 2010.

Nr. 5. Bréf kærða dagsett 04.10.2010 lagt fram.

Borist hefur bréf frá kærða, þar sem þeir lýsa því yfir að þeir ætli ekki að hafa frekari aðkomu að þessu máli og vísa í framlögð gögn máli sínu til stuðnings.

Mættur er Jóhannes Ægir Kristjánsson kt: 210276-3789 fyrir Aftureldingu og Davíð Jón Ríkharðsson kt: 051278-2919.

Vitni kæranda: Jón Þór Eyjólfsson kt: 090371-2909 og Regínu Úlfarsdóttur kt:190357-2369

Auk þess er mættur til skýrslutöku dómari leiksins, Valur Steingrímsson, kt: 150651-2989

Gagnaöflum lýst lokið.

Skýrsla tekin af vitninu Jóni Þór Eyjólfssyni kt: 090371-2909 fyrir dómi. Jón Þór kveðst hafa verið áhorfandi á leiknum og kveðst jafnframt vera leikmaður ÍR. Aðspurður segir vitni að sjö menn hafi leikið með Keflavík 2-4 mínútum eftir brottvíkingu leikmanns Keflavíkur af leikvelli.

Skýrsla tekin af vitninu Regínu Úlfarsdóttur kt:190357-2369 fyrir dómi. Aðspurð kveður vitni að 7 leikmenn hafi leikið inná í liði Keflavíkur þegar ca. 13-14 mínútur voru eftir af leiktíma og spiluðu þeir þannig út leiktímann.

Skýrsla tekin af dómara leiksins Vali Steingrímssyni kt: 150651-2989. Aðspurður kveður vitnið að leikmenn kærða hafi verið 7 inná eftir brottvísun Margeirs af leikvelli þegar ca. 7- 10 mínútur voru eftir af leiktímanum. Hann kvaðst hafa hafnað því við fyrirliða Keflavíkur að 7. leikmaður færi inná eftir brottvísun Margeirs. Eftir ábendingu frá leikmanni kæranda kveðst vitnið hafa talið leikmenn kærða inná vellingum og komist að raun um að þeir voru 7 inná þrátt fyrir að hann hafi verið búinn að hafna beiðni þjálfara Keflavíkur um slíkt. Kveðst ekki hafa aðhafst í málinu á þeirri stundu. Segir að hann hefði átt að spjalda leikmanninn sem kom inná og vísa honum útaf en var ekki 100 prósent klár á reglunum. Leikmenn Keflavíkur vildu meina að þetta mætti og hann var ekki 100 prósent viss svo hann gerði ekkert í þessu. Leikmenn voru æstir og þess vegna gerði hann ekkert.. Valur sagði að leikmaðurinn hafi fengið rautt spjald eftir 55 mínútna leik.

Jóhannes Ægir Kristjánsson lagði áherslu á að Afturelding myndi verða dæmdur sigur í þessum leik þar sem leikmenn Keflavíkur hefðu klárlega verið 7 inná þegar þeir máttu bara vera 6.

Fleira ekki gert og dómþingi frestað kl. 12.40.

Greinargerð frá Keflavík vegna fyrirtöku:

S.l. föstudag var fyrirtaka í kærumáli Aftureldingar gegn Keflavík í flokki 30 ára og eldri. Keflavík sendi fulltrúa sem ekki var heimilt að vera fyrirsvarsmaður, þar sem nafn hans kemur fram í atvikalýsingu og málinu því frestað til mánudagsins 4. október kl. 12:00.

Fyrir aganefnd liggja nú öll þau gögn sem hægt er að styðjast við í málinu og vill lið Keflavíkur sérstaklega benda á greinargerð dómara leiksins, Vals Steingrímssonar en þar segir: „*Keflvíkingar vildu fá annan mann inná eftir 2 mín. Ég sagðist ekki kannast við neina reglu sem leifir (leyfir: innsk. Keflavík) það og hafnaði því alfarið. Enn (en: innskot Keflavík) þeir settu 7. mann inná án þess að ég vissi.*“

Í kæru Aftureldingar, lið 5. sönnunargögn, er bent á eitt plagg, leikskýrslu. Hvergi í leikskýrslunni kemur fram að leikmanni hafi verið skipt inn á eftir brottreksturinn og er það stutt með svari Aftureldingar, frá Steingrími Benediktssyni með netpósti dags 27.09.2010 kl. 13:52 til Ragnheiðar Elíasdóttur en þar segir“*Ekki er mögulegt fyrir*

kærandi að greina frá hvaða leikmaður kom inn á völlinn á þessum tímamarki, enda innáskiptingar frjálsar og krefjast ekki samþykki dómara.“

Í greinagerð Keflavíkur, dags. 23.09.2010, um leikinn, kemur skýrt fram: „*Keflavík sendi ekki aukaleikmann inn á völlinn tveimur mínútum eftir brottvikningu Margeirs. Það hefði verið hlutverk dómarans að vísa 7. leikmanni Keflavíkur umsvifalaust af velli, hefði hann yfir höfuð verið inn á vellinum.“*

Keflavík og dómari leiksins eru því alfarið sammála um það að leikmenn Keflavíkur hafi aðeins verið 6 inn á vellinum, eftir brottreksturinn, og eins er ekki að finna á vitnalista einn einasta leikmann Aftureldingar sem vill halda því fram að Keflavík hafi sett inn á leikmann eftir brottreksturinn.

Að höfðu samráði við lögfræðing liðsins mun Keflavík ekki senda fyrirsvarsmann eða vitni í fyrirtöku málsins. Allt sem Keflavík hefur fram að færa í málinu er komið fram í bréfi þessu og greinagerð frá 23.09.2010. Liðið hefur engra hagsmuna að gæta í þessu máli, þar sem það snýst um heldur sorglega leið Aftureldingar til að taka réttmætan Íslandsmeistaratitil af Breiðablik í flokknum. Það er einlæg von okkar að Aganefnd KSÍ vísi þessu máli alfarið frá, þar sem engar haldbærar sannanir eru fyrir málatilbúnaði Aftureldingar.

Virðingarfyllst
Gunnar Magnús Jónsson
F.h. eldri flokks Keflavíkur

Úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2010, miðvikudaginn 8. október, er haldið dómþing í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, af Halldóri Frímannssyni, Gunnari Guðmundssyni og Þresti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið mál nr. 5/2010:

Afturelding
gegn
Keflavík

Gögn málsins merkt 1-5 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:
Nafn: Afturelding
Kennitala: 520188-2749
Heimilisfang: Íþróttamiðstöðin að Varmá
Póstnúmer: 270
Símanúmer: 266-7089

Netfang: umfa@afturelding.is
Fyrirsvarsmaður: Bjarki Már Sverrisson

Kærði:
Nafn: Keflavík
Kennitala: 590794-2019
Heimilisfang: Hringbraut 108
Póstnúmer: 230
Símanúmer: 421-3044
Netfang: keflavik@keflavik.is

Mál þetta er mótttekið af Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ 23. september 2010 Undirritaður dómari Halldór Frímannsson, fékk málið til meðferðar sama dag. Dómari hlutaðist til um að beita flýtimeðferð og gaf kærða sólarhringsfrest til að gera grein fyrir afstöðu sinni til kærunnar. Auk þess var kallað eftir lýsingu dómara á kærutriðum. Kærði sendi inn greinargerð daginn eftir og neitaði brotinu. Skýrsla dómara er óljós og því reyndist ekki unnt að klára málið á þessu stigi og var því ákveðin fyrirtaka í málinu og aðilar boðaðir og bent á að kalla til vitni 1. október s.l.

Kært er vegna leiks Aftureldingar og Keflavíkur í Íslandsmóti eldri flokkur karla 30+ sem fram fór 19. september s.l. á Varmárvelli kl. 20.00. Úrslit leiksins 3-4.

Kröfur: kæranda:

“Afturelding gerir kröfu um að leikur gegn Keflavík, í eldri flokki 30+ sem fram fór á Varmárvelli þann 19.09.2010, kl.20:00 verði dæmdur Aftureldingu 3-0 sigur.”

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Í kæru er þessu lýst þannig: "Einum leikmanni Keflavíkur var vísað af velli á 45. mínútu leiksins og fullyrtu leikmenn Keflavíkur í framhaldinu að þeir mættu setja annan leikmann inn á í stað hans eftir 2 mínútur, sem og þeir gerðu þrátt fyrir að dómari leiksins sagðist ekki hafa heyrt um þetta ákvæði."

Kærandi sendi viðbótarupplýsingar til KSÍ 27. september s.l. með frekari skýringar á brotinu svohljóðandi: "Leikmaður Keflavíkur sem vísað var af velli á 45. mínútu heitir Margeir Vilhjálmsson, kt. 020272-3099. Eins og segir í kærinni þá léku Keflvíkingar leikmanni færri í einhverjar tvær mínútur eftir brottvikninguna en bættu svo sjöunda leikmanninum inn á völlinn að þeim tíma loknum. Ekki er mögulegt fyrir kæranda að greina frá hvaða leikmaður kom inn á völlinn á þessum tímapunkti enda innáskiptingar frjálssar og krefjast ekki samþykki dómara."

Kærði sendi inn greinargerð 23. september og neitaði alfarið að hafa sett aukaleikmann inná völlinn tveimur mínútum eftir brottvikningu Margeirs. Segja það hafa verið

hlutverk dómarans að vísa 7. leikmanni Keflavíkur umsvifalaust af velli, hefði hann yfirhöfuð verið inná út leiktímann.

Dómari leiksins kveðst hafa hafnað því alfarið við fyrirliða kærða að kærði setti 7 mann inná og sagðist ekki kannast við neina reglu sem heimilaði það. Kveður þá þrátt fyrir það hafa sett 7. mann inná án þess að hann hafi vissi af því. Leikmenn Keflavíkur vildu meina að þetta mætti og hann var ekki 100 prósent viss svo hann gerði ekkert í þessu. Leikmenn voru æstir og þess vegna gerði hann ekkert.

III.

Kærandi vísar máli sínu til stuðning til gr. 3.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum þar sem stendur „*Í eldri aldursflokkum er óheimilt að skipta öðrum leikmanni inná í stað leikmanns sem vikið hefur verið af velli.*“

Kærði mætti ekki í boðaða fyrirtöku málsins 4. október s.l. en sendi þess í stað bréf þar sem hann ítrekar fyrri kröfur sínar og kveðst ekki hafa neinu við málið að bæta.

Tvö vitni kæranda sem gáfu skýslu fyrir dómi 4. október s.l. sögðust bæði hafa orðið vitni af því að kærði spilaði með 7 manna lið inn á leikvellingum eftir brottvísun Margeirs af leikvelli. Annað vitnið segir þetta hafa verið 2-4 mínútum eftir brottvísunina og hitt vitnið þegar ca. 13-14 mínútur voru eftir af leiktíma og spilaði lið kærða þannig út leiktímann. Í skýrslu sem dómari leiksins gaf fyrir dómi kemur fram að hann hafi framkvæmt talningu á leikmönnum kærða eftir ábendingu frá 3ja aðila um að þeir væru of margir inn á og varð honum þá ljóst að liðið spilaði með 7 leikmenn inn á vellingum eftir brottvísun Margeirs þegar ca. 7- 10 mínútur voru eftir af leiktímanum. Kveðst ekki hafa aðhafst í málinu á þeirri stundu. Segir að hann hefði átt að spjalda leikmanninn sem kom inná og vísa honum útaf en var ekki 100 prósent klár á reglunum.

IV.

Niðurstaða:

Í málinu gerir kærandi kröfu um að vera dæmdur 3-0 sigur í leik Aftureldingar og Keflavíkur í Íslandsmóti eldri flokkur karla 30+ sem fram fór 19. september s.l. á Varmárvelli kl. 20.00. Úrslit leiksins voru 3-4.

Kærandi vísar máli sínu til stuðnings í grein 3.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum, þar sem segir ".....*Í öðrum aldursflokkum er óheimilt að skipta öðrum leikamanni inn á í stað leikmanns sem vikið hefur verið af leikvelli.*"

Kærði neitar ítrekað að hafa leikið með of marga leikmenn inn á leikvellingum eftir að leikmanni kærða var vikið af leikvelli á 45 mínútu leiksins.

Tvö vitni komu fyrir dóminn, auk dómara leiksins. Segja öll að lið kærða hafi verið skipað 7 leikmönnum eftir brottvísun leikmanns kærða af leikvelli á 45 mínútu leiksins. Dómari leiksins segir að lið kærða hafi leikið með 7 leikmenn þegar c.a. 7-10 mínútur voru eftir af leiktímanum. Hann hafi gert talningu á leikmönnum liðsins eftir ábendingu frá 3j aðila um að þeir væru of margir inn á vellingum. Gerði ekkert í málinu sökum þess að hann hafi ekki verið klár á reglunum. Áður kveðst dómari leiksins hafa verið búinn að

neita fyrirliða kærða að setja 7. mann inn á eftir brottvísun Margeirs af leikvelli. Sagði að leikmenn Keflavíkur vildu meina að þetta mætti og hann var ekki 100 prósent viss svo hann gerði ekkert í þessu. Leikmenn voru æstir og þess vegna gerði hann ekkert.

Í grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er mælt fyrir um viðurlög við því að mæta með ólöglega skipað lið til leiks. Liðið telst hafa tapað með markatölunni 0-3 og skal sæta sekt allt að kr. 30.000,-

Af gögnum málsins og skýrslu vitna fyrir dómi er ljóst að lið kærða spilaði með 7. mann inn á leikvelli eftir brottvísun Margeirs af leikvelli á 45 mínútu leiksins. Þetta telst sannað þrátt fyrir ítrekaða neitun kærða.

Með þessu braut kærði gegn fyrimælum dómara leiksins, sem áður var búinn að hafna ósk frá fyrirliða kærða um að setja 7. mann inn á í leiknum eftir brottvísun Margeirs og var þess vegna með ólöglega skipað lið. Þau mistök dómara að stöðva ekki leikinn og vísa 7. leikmanni af leikvelli þegar honum varð ljóst að lið kærða spilaði með of marga leikmenn breyta ekki þessari niðurstöðu.

Brot kærða varða viðurlögum og sektum skv. lögjöfnun við 40.1 gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Úrslitum í framangreindum leik í Íslandsmóti eldri flokkur karla 30+ sem fram fór 19. september s.l. á Varmárvelli kl. 20.00 er breytt á þann veg að kæranda Aftureldingu, er dæmdur 3-0 sigur í leiknum. Skylt er að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 30.000 í sekt til KSÍ sökum alvarleika brotsins.

V.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

VI.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik í Aftureldingar og Keflavíkur í Íslandsmóti eldri flokkur karla 30+ sem fram fór 19. september s.l. á Varmárvelli kl. 20.00 er breytt og Aftureldingu dæmdur 3-0 sigur í leiknum. Keflavík greiði kr. 30.000 í sekt til KSÍ .

Halldór Frímannsson
(sign)

Gunnar Guðmundsson
(sign)

Þröstur Ríkhartsson
(sign)

Keflavík áfrýjaði

Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ

Árið 2010, fimmtudaginn 11. nóvember kl. 12:00, er dómþing áfrýjunardómstóls KSÍ háð á lögmannsstofu Sigurðar G. Guðjónssonar að Laugavegi 182, Reykjavík, af Sigurði G. Guðjónssyni hrl., Brynjari Níelssyni hrl., og Lúðvík Erni Steinarssyni hrl.

Fyrir er tekið:
Mál nr. 4/2010
Keflavík
gegn
aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Við fyrirtöku málsins liggja fyrir þessi gögn:

- Nr. 1 áfrýjun Keflavíkur, ódagsett en móttokin á skrifstofu KSÍ 15. október 2010.
- Nr. 2, Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 8. október 2010.
- Nr. 3, Kæra Aftureldingar til aga- og úrskurðarnefndar, ódagsett en móttokin á skrifstofu KSÍ 23. september 2010.
- Nr. 4, Greinargerð Keflavíkur frá 23. september 2010.
- Nr. 5, Tölvupóstur KSÍ til aga- og úrskurðarnefndar 23. september 2010.
- Nr. 6, Bréf Vals Steingrímssonar til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ dagsett 23. september 2010.
- Nr. 7, Tölvupóstur Steingríms Benediktssonar til KSÍ frá 27. september 2010.

Áfrýjandi krefst þess að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í málinu nr. 5/2010 Afturelding gegn Keflavík, sem kveðinn var upp þann 8. október 2010, verði hrundið. Samkvæmt grein 8.2 í reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ skulu ný gögn ekki lögð fyrir áfrýjunardómstól KSÍ. Skýrslutökur fara heldur ekki fram fyrir dómnum.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur dómur:

Málsatvik.

Í máli því sem hér er til úrlausnar er deilt um hvort lið Keflavíkur var rétt skipað eftir að markverði liðsins, Margeiri Vilhjálmssyni, hafði verið vísað af velli á 45 mínútu leiksins „fyrir að kíla í skrokk á Nikulási Árna“ eins og segir í skýrslu dómara til aganefndar vegna brottvísana.

Leikur sá sem mál þetta snýst um var leikinn á Varmárvelli þann 19. september 2010 og var milli Aftureldingar og Keflavíkur í flokki karla 30+, en þau lið eru skipuð sjö leikmönnum.

Dómari leiksins, Valur Steingrímsson, gekk frá leikskýrslu vegna leiksins. Er leikskýrslan á eyðublaði sem Knattspyrnusamband Íslands hefur látið gera. Skýrslan verður því að teljast geyma allar upplýsingar dómara um framgang og framkvæmd leiks

Aftureldingar og Keflavíkur á Varmárvelli þann 19. september 2010. Fylgiskjal með skýrslu dómara er áður nefnd skýrsla til aganefndar vegna brottvísana.

Afturelding, sem tapaði leiknum með þremur mörkum gegn fjórum, kærði framkvæmd leiksins til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ með ódagsettri kæru, sem móttokin var þann 23. september 2010 af skrifstofu KSÍ, og krafðist þess að félaginu yrði dæmdur sigur þrjú mörk gegn engu, þar sem lið Keflavíkur hefði verið skipað sjö leikmönnum þrátt fyrir brottvísun Margeirs Vilhjálmssonar. Liðsmenn Keflavíkur hafi litið svo á að brottvísun gæti aðeins staðið í tvær mínútur og að þeim liðnum mætti varamaður hefja þátttöku í leiknum.

Ekkert er vikið að þessu í leikskýrslu dómara leiksins. Dómari leiksins sendi aga- og úrskurðarnefnd KSÍ sérstaka skýrslu eða bréf þegar málið var til meðferðar hjá nefndinni. Kemur þar fram að Keflvíkingar hafi talið að þeir mættu fá annan leikmann inn á í stað þess sem vikið hafði verið af velli þegar liðnar væru tvær mínútur frá brottvísun. Dómarinn segir í hinni sérstöku skýrslu sinni að hann hafi hafnað þessari kröfu Keflvíkinga með þeim orðum að hann kannaðist ekki við þessa reglu. Af þessu verður ekki önnur ályktun dregin en sú að lið Keflavíkur hafi verið skipað sex leikmönnum eftir brottvísun Margeirs Vilhjálmssonar.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ tók skýrslur af nokkrum einstaklingum, sem voru á leiknum á Varmárvelli 19. september 2010 þegar Afturelding og Keflavík öttu kappi í knattspyrnu karla 30+.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ komst eftir þessar skýrslutökur að þeirri niðurstöðu að lið Keflavíkur hefði verið ólöglega skipað eftir brottvísun Margeirs Vilhjálmssonar. Úrskurðaði nefndin Aftureldingu sigur í leiknum og dæmdi Keflavík í sekt að fjárhæð kr. 30.000.

Keflavík áfrýjaði úrskurði þessum til áfrýjunardómsstóls KSÍ þann 15. október 2010 og krafðist þess að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ yrði felður úr gildi.

Niðurstaða

Í máli þessu liggur fyrir lögboðin skýrsla dómara leiks Aftureldingar og Keflavíkur í um framgang og framkvæmd leiks liðanna í flokki karla 30+ á Varmárvelli þann 19. september 2010. Leikskýrslu þessari verður ekki hnekkkt með skýrslum vitna eða annarra aðila, sem voru áhorfendur að leik liðanna eða tók þátt í honum.

Með vísan til þess sem að framan greinir er gengið út frá því að leikur Aftureldingar og Keflavíkur á Varmárvelli þann 19. september 2010 í knattspyrnu karla 30+ hafi farið fram í samræmi við þær reglur sem um slíka kappleiki gilda samkvæmt reglum Knattspyrnusambands Íslands.

Er það því niðurstaða máls þessa, að hrundið er úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í málinu nr. 5/2010 Afturelding gegn Keflavík. Úrslit leiks félaganna á Varmárvelli þann 19. september 2010 standa fjögur mörk gegn þremur Keflavík í vil.

Dómsorð.

Hrundið er úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í málinu nr. 5/2010 Afturelding gegn Keflavík. Úrslit í leik félaganna á Varmárvelli þann 19. september 2010 standa fjögur mörk gegn þremur Keflavík í vil.

Sigurður G. Guðjónsson

Brynjar Níelsson
Steinarsson.

Lúðvík Örn